

## FUNDARGERÐ

**föstudaginn 27. nóvember 2015 kl. 11:00** kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í húsakynnum innanríkisráðuneytisins. Fundurinn fór fram í Sölvhólsvör, fundarherbergi ráðuneytisins á 1. hæð, Sölvhólsögötu 7, Reykjavík.

Fundinn sátu nefndarmennirnir Guðný Sverrisdóttir formaður, Ásgerður Gyolfadóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Bjarni Jónsson, Karen E. Halldórsdóttir, Sigríður Huld Jónsdóttir og Valdimar O. Hermannsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Bergi Sigurjónssyni, Elínu Gunnarsdóttur, Elínu Pálsdóttur og Guðna Geir Einarssyni.

Guðný Sverrisdóttir formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

### GREIÐSLU- OG REKSTRARÁÆTLUN 2015

#### Frumvarp til fjárukalaga - Önnur umræða.

Fram kom að við II. umræðu frumvarps til fjárukalaga 2015 hafi verið gerð tillaga um 215 m.kr. hækkun á 2,12% hlutdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í samræmi við endurskoðaða áætlun um lögboðið framlag í sjóðinn af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs. Áður hafði verið lögð til 716 m.kr. hækkun á 2,12% framlaginu. Samtals er því um að ræða 931 m.kr. hækkun á framlaginu á árinu frá gildandi fjárlögum.

Með tilvísun til þessarar 215 m.kr. hækkunar á 2,12% framlaginu frá ríki nema áætlaðar heildartekjur sjóðsins á árinu nú 40.476 m.kr. Meðtalin eru óhafin framlög frá fyrra ári að fjárhæð 286 m.kr.

Hvað gjaldahlið áætlunarinnar varðar þá var hún endurskoðuð með tilvísun til hækkunarinnar hvað þau framlög varðar sem byggja á 2,12% framlaginu frá ríki. Jafnframt hafði framlagið til Innheimtustofnunar sveitarfélaga verið lækkað úr 900,0 m.kr. í 750,0 m.kr. á grundvelli nýrra upplýsinga um fjárþörf stofnunarinnar á árinu.

Með tilvísun til þessa nema áætluð gjöld sjóðsins 39.235,0 m.kr. og óráðstafað fjármagn nemur því 1.241 m.kr.

### GREIÐSLU- OG REKSTRARÁÆTLUN 2016

#### Frumvarp til fjárlaga - Önnur umræða

Fram kom að við II. umræðu frumvarps til fjárlaga 2016 hafi verið gerð tillaga um 97,0 m.kr. hækkun á 2,12% hlutdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í samræmi við endurskoðaða áætlun um lögboðið framlag í sjóðinn af skatttekjum ríkisins 2016. Hvað 0,264% framlagið af álagningarstofni útsvars næstliðins árs varðar þá var þar um 21,0 m.kr. hækkun að ræða. Með tilvísun til þessa er gerð tillaga um hækkun á lögbundnum framlögum frá ríki að fjárhæð 118,0 m.kr. við II. umræðu fjárlaga 2016.

Með tilvísun til þessarar tillögu um 118,0 m.kr. hækkun á lögbundnum framlögum frá ríki nema áætlaðar heildartekjur sjóðsins á árinu 2016 nú 42.244,0 m.kr.

Hvað gjaldahlið áætlunarinnar varðar þá var hún endurskoðuð með tilvísun til hækkunarinnar hvað þau framlög varðar sem byggja á lögbundnum framlögum frá ríki.

Með tilvísun til þessa nema áætluð gjöld sjóðsins á árinu 2016 41.623,0 m.kr. og óráðstafað fjármagn nemur því 621,0 m.kr.

### INNHEIMTUSTOFNUN SVEITARFÉLAGA

#### Tillaga að áætlaðri úthlutun framlaga 2016

Lagt var fram til kynningar svar Innheimtustofnunar sveitarfélaga frá 23. nóvember 2015 við fyrirspurn Jöfnunarsjóðs frá 16. nóvember 2015 um endurskoðun á áætlaðri fjárþörf stofnunarinnar hvað árið 2015 varðar og áætlun um fjárþörf á árinu 2016.

Hvað árið 2015 varðar kemur fram að áætlað er að innheimta ársins verði lægri á árinu en á árinu 2014. Á móti kemur hins vegar að kröfur til innheimtu frá Tryggingastofnun ríkisins eru lægri á árinu en á árinu 2014. Áætlað er að endurskoðuð fjárþörf stofnunarinnar á árinu nemi ekki hærri fjárhæð en 750 m.kr.

Hvað árið 2016 varðar er áætlað að fjárþörf stofnunarinnar úr Jöfnunarsjóði verði um a.m.kr. 800,00 m.kr. Gerður er þó fyrirvari um þá áætlun vegna tiltekinna þátta sem kunna að hafa áhrif á innheimtuna.

Með tilvísun til þessa samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að til að byrja með væri gert ráð fyrir að fjárþörf stofnunarinnar gæti farið í 900,00 m.kr. á árinu.

## **FRAMLÖG TIL SÉRSTAKRA VERKEFNA**

### **Rekstur skrifstofu Sambands íslenskra sveitarfélaga í Brussel**

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 11. nóvember 2015. Í erindinu er greint frá starfsemi skrifstofu Sambands íslenskra sveitarfélaga í Brüssel sem tók til starfa á árinu 2006. Skrifstofan hefur verið rekin með framlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á grundvelli f. liðar 7. gr. reglugerðar, nr. 960/2010, um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga er nær til sérstakra verkefna sem geta haft mikla þýðingu fyrir sveitarfélög.

Eins og fram kemur í erindi Sambandsins þá hefur verið gert samkomulag um reksturinn til þriggja ára í senn. Núgildandi samkomulag rennur úr 31. desember nk. og hefur árlegt framlag vegna þess samkomulags numið allt að 18,0 m.kr.

Í erindi sínu óskar Sambandið eftir áframhaldandi aðkomu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að rekstri skrifstofunnar til næstu þriggja ára. Óskað er eftir árlegu framlagi að fjárhæð 20,0 m.kr. og að 40% framlagsins taki mið af breytingum á grundvelli launavísitölu og 60% taki mið af þróun meðalgengis íslensku krónunnar gagnvart evru frá mánuði til mánaðar. Jafnframt er óskað eftir því af hálfu Sambandsins að fjármögnun skrifstofunnar verði fest í sessi í regluverki Jöfnunarsjóðs.

Í umfjöllun um erindið kom fram það mat nefndarinnar að skrifstofan í Brussel gegndi mikilvægu hlutverki fyrir sveitarfélögin í landinu og að þau nytu ávinnings af starfsemi hennar. Hins vegar væri það útfærsluatriði hvort framlagið væri greitt á grundvelli sérstaks samnings við Sambandið, eins og verið hefði, eða innifalið í lögbundnu framlagi sjóðsins til Sambandsins.

Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til við ráðherra að beiðni Sambands íslenskra sveitarfélaga um áframhaldandi aðkomu sjóðsins að starfsemi skrifstofunnar til næstu þriggja ára væri samþykkt.

## **YFIRFÆRSLA Á MÁLEFNUM FATLAÐS FÓLKS**

### **TEKJUSTREYMI Á ÁRINU 2015**

Í greiðslu- og rekstraráætlun sjóðsins fyrir árið 2015 er gengið út frá stofninum 1.135 ma.kr. Þegar tekjur sjóðsins af 0,99 hlutdeild í álagningarstofni útsvars vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks eru áætlaðar.

Með tilvísun til þessa er áætlað að hlutdeild Jöfnunarsjóðs í staðgreiðsluskilum á árinu 2015 vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks nemi 11.236 m.kr. Í lok október námu skilin á staðgreiðslunni um 9.300 m.kr. Til að áætlunin gangi eftir þurfa skilin að nema samtals um 1.936 m.kr. mánuðina nóvember og desember, sbr. yfirlit sem lagt var fram til kynningar á fundinum.

## **ALMENN FRAMLÖG VEGNA ÞJÓNUSTU VIÐ FATLAÐ FÓLK** **Uppreikningur framlaga ársins 2015**

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að endanlegri áætlun almennra framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2015.

Við útreikning framlaganna er hlutfallsleg skipting ráðstöfunarfjármagns á árinu 2015 eftirfarandi:

- 80% skiptast hlutfallslega miðað við niðurstöðu mælinga á útgjaldaþörf.
- 20% skiptast hlutfallslega miðað við áætlaðan útsvarsstofn sveitarfélaga.

Farið var yfir aðferðarfræðina við mælingu á útgjaldaþörf og tekið tillit til eftirfarandi þátta á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum/þjónustusvæðum á árinu 2015.

- Flutnings þjónustuþega milli þjónustusvæða.
- Mats á stuðningsþörf (SIS-mat) þeirra einstaklinga sem komu nýir inn í þjónustuna á árinu og eru með kostnað yfir 4,4 m.kr.
- Framkvæmdar SIS-mats á þeim einstaklingum sem ekki höfðu náð 18 ára aldri við útreikning framlaganna á árinu 2014 hafi raunkostnaður af þjónustu þeirra verið jafn hár eða hærri en einingarkostnaður 4. flokks.

Niðurstaða reiknaðrar útgjaldaþarfar svæðisins að frádregnum tekjum svæðisins af 0,25% áætlaðri hlutdeild í útsvarsstofni svæðisins á árinu 2015 kemur til greiðslu sem almennt framlag vegna þjónustu við fatlað fólk eftir að framlagið hefur verið aðlagð að fjármagni til ráðstöfunar.

Á grundvelli greiðslu- og rekstraráætlunar verkefnisins er áætlað að ráðstöfunarfjármagn sjóðsins til greiðslu almennra framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2015 geti numið 10.700 m.kr. að viðbættum 70 m.kr. vegna leiðréttinga framlaga ársins 2013.

Með tilvísun til þessa samþykkti ráðgjafarnefndin tillögu að úthlutun almennra framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk samtals að fjárhæð 10.770 m.kr. á grundvelli 3. gr. reglugerðar, nr. 631/2015, um framlög vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2015.

Í tengslum við framangreinda tillögugerð að úthlutun almennra framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2015 samþykkti nefndin að kanna möguleika þess að hækka sérstöku viðbótarframlögin vegna verulega íþyngjandi kostnaðar við rekstur málaflokksins á árinu 2015 umfram tekjur úr 175,0 m.kr. í 200,0 m.kr. Fyrri hluti viðbótarframlaga ársins kom til greiðslu í lok október sl. Viðbótarframlögin verða tekin til endurskoðunar í ljósi niðurstöðu almennra framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2015.

### **DRÖG AÐ REGLUGERÐ VEGNA ÁRSINS 2016**

Lögð voru fram til umfjöllunar fyrstu drög að nýrri reglugerð vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2016. Í þessum fyrstu drögum höfðu verið gerðar breytingar á ártölum og tímasetningum á endurreikningi framlaga innan ársins ásamt því að merkja við þau ákvæði í reglugerðinni sem lagt hafði verið til á fundi með fulltrúum Sambandsins 9. nóvember sl. að skoðuð yrðu sérstaklega með tilliti til mögulegra breytinga. Um eftirfarandi ákvæði er að ræða:

- Hlutfallslega skiptingu ráðstöfunarfjármagns við útreikning framlaganna þ.e. skiptinguna 80% miðað við niðurstöðu mælinga á útgjaldaþörf og 20% miðað við áætlaðan útsvarsstofn sveitarfélaga. Einnig var rætt um möguleika á því að taka fleiri breytur inn í mælinguna, t.d. fjarlægðir innan svæða.
- Ákvæðið um 33% regluna við mælingu á útgjaldaþörf.

Þar að auki voru tekin til skoðunar eftirfarandi ákvæði:

- Úthlutun framlaga vegna breytingakostnaðar og mögulega breytingu á 5. gr. reglugerðarinnar þar sem um þau framlög er fjallað.
- Heimildarákvæði um úthlutun sérstakra viðbótarframlaga vegna íþyngjandi kostnaðar við rekstur málaflokksins á árinu 2016 er nú ekki í sérstakri grein eins og áður heldur kemur fram í 2. gr. reglugerðarinnar þar sem fjallað er um helstu framlög vegna yfirfærslunnar.

Í lok umfjöllunar sinnar um breytingar á reglugerðinni samþykkti nefndin að leggja til að beðið væri eftir niðurstöðu úr viðræðum ríkis og sveitarfélaga um mögulegt viðbótarfjármagn til málaflokksins áður en afstaða væri tekin til framangreindra breytinga.

Jafnframt lagði nefndin til að breytingarnar væru skoðaðar betur fyrir næsta fund nefndarinnar og möguleg áhrif þeirra á útreikning almennu framlaganna vegna þjónustu við fatlað fólk.

Sérstaklega var rætt um að kanna áhrif þess ef vægi mælinga á útgjaldþörf væri hækkað úr 80% í 85% og vægi áætlaðs útsvarstofns lækkað úr 20% í 15% ásamt því að bæta við breytu vegna fjarlægða sem hefði 1% vægi. Þar að auki væru skoðuð áhrif þess ef ákvæðinu um 33% regluna við mælingu á útgjaldþörf væri breytt í 25%.

### **GREIÐSLU- OG REKSTRARÁÆTLUN VERKEFNISINS 2016**

Lögð var fram til kynningar endurskoðuð drög að greiðslu- og rekstraráætlun verkefnisins á árinu 2016.

Þær breytingar sem gerðar höfðu verið á drögunum frá fyrri áætlun náðu til endurskoðunar á 0,99% hlutdeild sjóðsins af álagningarstofni útsvars á árinu. Í stað þess að miða við stofninn 1.171,0 ma.kr. er nú miðað við stofn sem er 4,5% hærri eða 1.224,0 ma.kr. sem hækkar áætlaðar tekjur sjóðsins um 528,0 m.kr.

Fram kom að áætlun hækkingu útsvarstofnsins milli ára sé 8,9%. Ráðgjafarnefndin samþykkti hins vegar að leggja til að til að byrja með væri gengið út frá 4,5% hækkingu stofnsins milli ára í áætlanagerð sjóðsins þar til staðgreiðsluskilin á árinu 2016 færu að koma í ljós.

### **ALMENN FRAMLÖG VEGNA ÞJÓNUSTU VIÐ FATLAÐ FÓLK**

#### **Tillaga að áætlaðri úthlutun 2016**

Lagðar voru fram til kynningar nokkrar sviðsmyndir vegna mögulegra breytinga á reglum sjóðsins við mælingu á útgjaldþörf.

Útreikningarnir taka mið af breyttu vægi 80%/20% skiptingarinnar ásamt því að tekið er inn nýtt viðmið er varðar fjarlægðir innan þjónustuvæða og fjölda sveitarfélaga á svæðinu. Jafnframt voru sýndir útreikningar sem sýna áhrif af breyttu vægi 33% reglunnar á útreikning framlaganna.

Lagt var til að nefndarmenn skoðuðu sviðsmyndirnar betur fyrir fund nefndarinnar þann 11. desember en þá er ráðgert að ganga frá tillögugerð að fyrstu úthlutun framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2016.

### **REYKJADALUR ORLØFS- OG HELGARDVALIR**

#### **Samkomulag ársins 2016**

Haldið var áfram umræðu frá síðata fundi um mögulega fjármögnun Reykjadal á árinu 2016.

Lögð var fram til kynningar samantekt um starfsemi Reykjadal á árinu 2015 ásamt rekstraryfirliti. Fram kom að mikil breyting í starfsmannahópnum og greiðsla biðlauna hefðu haft íþyngjandi áhrif á rekstrarniðurstöðu Reykjadal á árinu og var um 25,0 m.kr. tap á rekstrinum.

Fram kom hjá nefndinni að möguleg hækking framlaga úr Jöfnunarsjóði til reksturs Reykjadal á árinu 2016 væri háð því að gerð væri úttekt á rekstrarhæfi búðanna af óháðum aðila. Einnig kom fram hjá nefndinni mikilvægi þess að fyrir

lægju upplýsingar á næsta fundi nefndarinn um hvort starfsemin í Reykjadal væri leyfisskyld.

Frekari umræðu um rekstur Reykjadal og fjármögnun á árinu 2016 var frestað til næsta fundar nefndarinnar sem haldinn verður 11. desember.

## **ÖNNUR MÁL**

### **Fundur með forstöðumönnum skólaskrifstofa**

Farið var yfir fyrirkomulag og dagskrá fundarins með forstöðumönnum skólaskrifstofa sem haldinn var kl. 14:00 sama dag.

### **Næstu fundir**

Næsti fundur nefndarinnar var ákveðinn 11. desember eins og áður hefur komið fram. Fram kom að líkur væri á að þörf væri á að hafa stuttan símafund fyrir fundinn 11. desember og verður hann boðaður sérstaklega.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 13:30.

Elín Pálsdóttir